

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2014, 19. nóvember, var haldinn 69. fundur skóla- og frístunðaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 12:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Líf Magneudóttir (V), Ragnar Hansson (Æ), Sabine Leskopf (S) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P), Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístunðamiðstöðva og Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Eygló Traustadóttir.

### Þetta gerðist:

Formaður býður Harald Sigurðsson velkominn á sinn fyrsta fund í skóla- og frístunðaráði.

1. Húsnæði leik- og grunnskóla og frístunðamiðstöðva með tilliti til viðhalds og nýframkvæmda. Lögð fram skýrslan *Vesturbæjarskóli: Viðbygging. Breytingar í eldra húsi og endurgerð Vesturvallagötuhúss*, dags. í nóvember 2014. Agnar Guðlaugsson og Rúnar Gunnarsson, deildarstjórar á umhverfis- og skipulagssviði og Guðlaug S. Sigurðardóttir, fjármálastjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2014110088

Daníel Benediktsson, verkefnastjóri fasteigna- og búnaðarmála skóla- og frístunðasviðs, situr fundinn undir þessum lið.

- Kl. 12.42 tekur Kjartan Magnússon (D) sæti á fundinum.

2. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístunðaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 1. október 2014, varðandi húsnæðis- og lóðamál grunnskóla, leikskóla og frístunðheimila Reykjavíkurborgar. SFS2014100118

Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri á umhverfis- og skipulagssviði situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístunðaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístunðaráð fagnar allri faglegri vinnu Reykjavíkurborgar við þarfagreiningar, viðmið og forsagnir varðandi uppbyggingu og viðhald húsakosts leik- og grunnskóla og frístunðastarfs. Mikil þróun hefur átt sér stað í kennsluháttum á síðustu árum og er brýnt að þessi faglega vinna taki mið af kröfum nýrrar aðalnámskrár og sé unnin í góðu samstarfi við stjórnendur og starfsfólk viðkomandi stofnana. Verkefni kjörtímabilsins verða þau að jafna aðstöðumun barna í leik- og grunnskólum til náms og frístunðu þannig að þau geti öll notið nútímalegra kennsluhátta og framsækins frístunðastarfs í öllum hverfum borgarinnar. Það er mikilvægt að skólastjórnendur, kennarar og foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um ástandslýsingar á kennsluhúsnæði og öðru félagslegu rými skóla sem og upplýsingum um hvar viðkomandi skóli er staddur í framkvæmdaröð borgarinnar hvað varðar viðhald og uppbyggingu.

Skóla- og frístunðaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístunðaráði leggur fram tillögu um að þegar skýrslur liggja fyrir skuli innan 3 mánaða liggja fyrir tímasett aðgerðaáætlun.

Frestað.

3. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 5. nóvember 2014:  
Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarstjórnar að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 verði 190 milljóna króna framlag veitt til framkvæmda vegna viðbyggingar við Breiðholtsskóla og endurbóta á eldra húsnæði skólans.  
SFS2014110082

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að taka tillögu Sjálfstæðisflokksins um fjárframlag til framkvæmda við Breiðholtsskóla til meðferðar á samráðsvettvangi skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar þar sem fjallað er um húsnæði og lóðir starfseininga skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt.

Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri á umhverfis- og skipulagssviði, situr fundinn undir þessum lið.

4. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 5. nóvember 2014:  
Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að endurbætur verði gerðar á lóð Húsaskóla á árinu 2015. Sinna þarf almennu viðhaldi, endurnýja leiktæki og undirlag og leggja sparkvöll með gervigrasi á skólalóðinni.  
SFS2014110083

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að taka tillögu Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á lóð Húsaskóla til meðferðar á samráðsvettvangi skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar þar sem fjallað er um húsnæði og lóðir starfseininga skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt.

Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri á umhverfis- og skipulagssviði, situr fundinn undir þessum lið.

- Kl. 13.30 vikur Kristján Gunnarsson af fundi.
- 
- 5. Starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015, fimm umbótaþættir. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs og Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2014040027
- 6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. nóvember 2014 um staðfestingu starfsáætlana leikskóla í Reykjavík leikskólaárið 2014-2015. Hildur Skarphéðinsdóttir kynni og svarar fyrirspurnum. SFS2014100163  
Samþykkt.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. nóvember 2014, varðandi umsókn Reykjavík International School um fjölgun nemenda. Jafnframt lagt fram bréf Reykjavík International School, dags. 26. september 2014, varðandi fjölgun nemenda við Reykjavík International School. SFS2014090060

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir umsókn Reykjavík International School um fjölgun nemenda þannig að hámarksfjöldi skólans verði 60 nemendur. Fjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík sem greitt verður framlag vegna frá Reykjavíkurborg helst óbreyttur, 15 nemendur.

Samþykkt og vísað til borgarráðs með 5 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Magnússon og Örn Þórðarson, sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja umsókn Reykjavík International School um fjölgun nemenda þannig að hámarksfjöldi skólans verði sextíu nemendur. Við lýsum einnig yfir stuðningi við þá málaleitan Reykjavík International School að ef reykvískum nemendum fjölgar í skólanum á næsta ári, umfram það sem nú þegar hefur verið samþykkt, verði einnig greitt framlag með þeim.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Alþjóðaskólinn í Reykjavík er spennandi verkefni sem er þó skammt á veg komið, þar sem skólinn hefur einungis verið starfræktur í rúma 2 mánuði. Ein helsta ástæða stofnunar hans er til að koma til móts við erlenda nemendur, m.a. börn starfsfólks sendiráða. Ljóst er að þörfin er meiri fyrir erlendu nemendurnar og því ekkert sem hindrar aukningu þeirra. Reykvísk skólabörn í sjálfstætt reknunum skóla eru borginni hins vegar dýrari en í borgarreknunum skólum, og með það í huga, auk þess að ekki er sama þörf á skólaplássi fyrir þau og þau erlendu, þá teljum við ekki þörf á aukningu þeirra að svo stöddu.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 13. nóvember 2014, um kynningu á niðurstöðum lesskímunar. SFS2014030197

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 15. október 2014:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur felur skólastjórum að kynna niðurstöður lesskímunarkönnunar fyrir nemendum og foreldrum í því skyni að sem gleggstar upplýsingar um stöðu nemenda séu aðgengilegar á hverjum tíma. Rétt er að foreldrar fái einstaklingsbundnar upplýsingar um frammistöðu barna sinna í lesskímuninni. Auk þess er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um frammistöðu þess skóla í lesskímun, sem barn þeirra gengur í, samanborið við meðaltal annarra skóla borgarinnar. Aukin upplýsingagjöf milli heimila og skóla er af hinu góða og hvetur foreldra til ríkari þátttöku í námi barna sinna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur felur skólastjórum að kynna niðurstöður lesskímunarprófa fyrir nemendum og foreldrum, eins og tíðkast hefur undanfarin misseri. Mikilvægt er að foreldrar fái einstaklingsbundnar upplýsingar um frammistöðu barna sinna í lesskímuninni enda er megin tilgangur hennar að greina

og aðstoða þann hóp nemenda sem þarfnast sérstaks stuðnings. Auk þess er eðlilegt að foreldrar fái upplýsingar um niðurstöður þess skóla í lesskimun, sem barn þeirra gengur í, samanborið við meðaltal annarra skóla borgarinnar. Aukin upplýsingagjöf milli heimila og skóla er af hinu góða og hvetur foreldra til ríkari þátttöku í námi barna sinna.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að skýrslur með niðurstöðum um árangur hvers grunnskóla í lesskimun og stærðfræðiskimun, þ.e. skólaskýrsla, verði birtar á heimasíðu viðkomandi skóla ásamt skýrslu um heildarniðurstöður fyrir grunnskóla borgarinnar.

Frestað.

Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum lið.

9. Tölulegar upplýsingar um grunnskóla Reykjavíkur. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknarþjónustu, kynnir og svarar fyrirspurnum.
10. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 9. apríl 2014, varðandi þróun fjárframlaga Reykjavíkurborgar til sérkennslu og biðlista eftir greiningu. SFS2014040125

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi grunnskólaforeldra telur ekki ásættanlegt að svo mikill munur sé á bið eftir greiningum eftir því hvar nemendur er búsettir í borginni. Ljóst er að grípa þarf til enn frekari aðgerða til að jafna þennan mun.

**Fundi slitið kl. 15.20**

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran  
Líf Magneudóttir  
Sabine Leskopf

Kjartan Magnússon  
Ragnar Hansson  
Örn Þórðarson